

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 2001

Nr. 42

90

22. maí 2001

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fegrunar- og snyrtiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

2. gr.

Við lögina bætist ný grein, 17. gr. A, sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald, eftirlit og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Yfirstjórn mála er varða eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni er í höndum umhverfisráðherra.

b. Á eftir 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, starfsleyfa til handa meindýraeyðum og leyfisskrteina fyrir notendur varnarefna og eiturefna, viðurkenningu sóthreinsiefna og áritun innflutningsskjala.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýjun á skráningu varnarefna. Í skráningu varnarefna felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra.

Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utan- aðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem talin er upp í 6., 7. og 8. mgr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Siv Friðleifsdóttir.*

19. maí 2001

Nr. 43

## LÖG

### um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

*Gildissvið.*

Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send dómsmálaráðherra sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.

*Afhending manns til dómstólsins.*

Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkan glæp.

Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

Dómsmálaráðherra getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.

*Önnur aðstoð.*

Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.